



**Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á opnu húsi
í Vestmannaeyjum
8. janúar 2026**

Kæru Eyjamenn.

Ég vil byrja á að þakka ykkur innilega fyrir einstaklega hlýjar móttökur. Það er okkur Birni sönn ánægja að vera hér í Eyjum á ný, raunar í annað skipti á minni forsetatíð. Mín fyrsta heimsókn innanlands var daginn eftir að ég var sett í embætti, þegar ég tók þátt í setningu Þjóðhátíðar í Eyjum 2024. Við Björn áttum þá afar ánægjulegan eftirmiðdag í fylgd Írisar Róbertsdóttur bæjarstjóra og nutum gestrisni ykkar í hvítu tjaldborginni í Herjólfsdalnum – gestrisni sem þið Eyjamenn eruð orðlögð fyrir.

Fyrir í þessari viku var ég að rifja upp þessa ferð og staldraði þá við ljósmynd af mér með tæplega árgömlu barni sem var að taka þátt í sinni fyrstu Þjóðhátíð ásamt fjölskyldu sinni. Við vorum að kankast á og ég man hvað mér þótti þessi sakleysislega stund merkingarrík. Hún var áminning þess hve óendanlega dýrmætt það er fyrir samfélag eins og ykkar að búa að lifandi hefð sem spannar kynslóðir og að efnt sé til hátíðar þar sem ungir og aldnir koma saman, gleðjast og skapa sameiginlegar minningar.

Á heimleiðinni ræddum við hjónin saman um þessa Eyjahlýju sem var áþreifanleg í dalnum þennan föstudag í ágúst þótt veðrið léki ekki beint við okkur. Okkur langaði mest af öllu að snúa strax aftur hingað til Eyja á sunnudeginum og taka þátt í Brekkusöngnum, vera hluti af þeim ótal röddum sem hljóma þar í kór ár eftir ár. Í eftirminnilegum þjóðhátíðarlögum er talað um augnablikið þegar þúsund hjörta slá í takt og þar er líka rætt um að tengja saman hjarta og sál, um orku sem magnast og margfaldast. Þetta eru áhrifaríkar myndir því þær lýsa tilfinningu sem við þekkjum öll, andartakinu þegar við finnum að við tilheyrum sterkri heild. Ein af þversögnum lífsins er sú að við getum sem einstaklingar stækkað við það að falla inn í hópinn, ekki síst þegar við stöndum hlið við hlið og syngjum saman einum rómi.

Ég hef sem forseti farið í opinberar heimsóknir til nágrannaríkja okkar á Norðurlöndum á liðnum misserum. Í Finnlandi, þar sem vaxandi spenna er við rússnesku landamærin, nefndi ég að við Íslendingar deilum ekki landamærum með öðrum ríkjum en því sem Ægir konungur ræður yfir. Ég bætti við að erfiðustu orustur okkar í gegnum tíðina hafa verið háðar við náttúruöflin. Til skýringar rifjaði ég upp eldgosið hér í Heimaey árið 1973 þegar litlu munaði að hraunið úr Eldfelli lokaði innsiglingunni. Frásagnir af viðbrögðum ykkar Eyjamanna, fyrst hvernig tókst að koma öllum í land nóttina sem gosið hófst og síðan hvernig hraunið í hafnarminninu var kælt með því að dæla á það sjó, eru mér minnisstæðar úr æsku. Þær hafa væntanlega mótað skilning minn á gildi seiglu, samstöðu og hugvits.

Í ljósi þess áfalls sem samfélagið hér varð fyrir árið 1973 er það ekkert minna en undravert hversu skjótt og vel það náði sér á strik eftir gos. Hér hefur öflugt atvinnulíf blómstrað að nýju, framsækin útgerð og vinnsla, og hér starfar hugsjónafólk og frumkvöðlar sem hafa sýnt að sjálfsvirðing og staðarstolt eru dýrmætur höfuðstóll. Ótal Eyjamenn hafa látið til sín taka á landsvísu og

alþjóðavettvangi, og þannig sýnt hvers virði það er þegar hæfileikar fá að njóta sín og grundvöllurinn er traustur. Ein af okkar sterku fyrirmyndum á sviði kvennabaráttunnar er „rauðsokkan“ og þingkonan Kristín Ástgeirsdóttir, sem fæddist og ólst upp hér í Eyjum. Á nýársdag veittist mér síðan sú ánægja að sæma knattspyrnumanninn og Eyjamanninn Ásgeir Sigurvinsson fálsaorðu fyrir einstakt framlag hans til íslenskrar íþróttasögu.

Og dæmin eru fleiri. Síðastliðinn laugardag tók ég þátt í árlegri hátíð þar sem skýrt var frá vali á íþróttamanni ársins en einnig veittar viðurkenningar fyrir lið ársins og þjálfara ársins. Einn af þremur þjálfurum sem þar voru tilnefndir var Heimir Hallgrímsson sem náði undraverðum árangri með íslenska knattspyrnulandsliðið á sínum tíma og virðist vera að endurtaka leikinn sem þjálfari Íra. Eftir að írska landsliðið hafði á ævintýralegan hátt tryggt sér sæti í umspili fyrir Heimsmeistaramótið á liðnu hausti var Heimi efst í huga að komast hingað á heimaslóðirnar til að anda að sér „loftinu í Vestmannaeyjum“, eins og hann komst að orði, og safna orku.

Þegar horft er um öxl yfir sögu samfélagsins hér í Eyjum verður heldur ekki hjá því komist að nefna Guðlaug Friðþórsson. Frásögnin af einstæðu afreki hans í marsmánuði 1984, þegar hann synti sex kílómetra leið til lands eftir að Hellisey hafði sokkið, hefur ýmis einkenni þjóðsögu. Minningin um þennan mannskæða skipsskaða, þar sem fjórir menn í blóma lífsins drukknuðu, er harmræn en hún er líka dæmisaga um óbilandi kjark og lífsvilja manns sem einfaldlega neitar að gefast upp. Í viðtali sem Árni Johnsen tók skömmu eftir slysið lýsir Guðlaugur með ógleymanlegum hætti þeim aðferðum sem hann beitti til að halda einbeitingunni og missa ekki móðinn í ísköldum sjónum. „Á tímabili sagði ég sjálfum mér brandara á leiðinni, en ég kann nokkuð af þeim,“ sagði Guðlaugur meðal annars. Það sem virðist hafa skipt sköpum var að hann var allan tímann

rólegur og æðrulaus gagnvart örlögum sínum. Þetta er viðtal sem ætti að mínu mati að vera skyldulesefni allra íslenskra grunnskólabarna.

Í þeirri öflugu uppbyggingu sem hófst hér í Eyjum eftir gos birtist einnig sú skýra framtíðarsýn sem er enn eitt höfuðeinkenni ykkar þróttmikla samfélags. Hér er ekki aðeins horft til þess sem hefur verið heldur einnig til þess sem getur orðið. Nýlegt dæmi um það er Laxey sem er að byggja upp seiðaeldi á Strandvegi og eldisker í Viðlagafjöru. Í þessu verkefni fléttast vel saman þekking, nýsköpun og ábyrg nýting auðlinda. Að baki standa aðilar sem vilja að samfélagið hér haldi áfram að vera í fararbroddi á sviði nýsköpunar í sjávarútvegi og matvælaframleiðslu.

Vestmannaeyjar eru víðar í fararbroddi en í íþróttum og atvinnulífi. Hér hefur á síðustu árum verið í gangi merkilegt þróunarverkefni í grunnskólanum undir yfyrskriftinni „Kveikjum neistann“. Mér þykir sérstaklega athyglisvert að þarna er ekki aðeins verið að einblína á kennsluaðferðir. Ef ég skil rétt þá hefst hver einasti skóladagur á því að börnin hreyfa sig og eru því líkamlega betur undir það búin en ella að einbeita sér að náminu. Það er lofsvert hversu heildrænt er hér verið að nálgast brýnt viðfangsefni, læsi og velsæld barna. Mig langar einnig að nefna nám í mál- og vélstjórnargreinum í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, sem hlaut Íslensku menntaverðlaunin í haust sem leið. Þarna hefur tekist að umbreyta hefðbundnu námi í einstaklingsmiðað og verkefnamiðað ferli sem er í nánnum tengslum við atvinnustarfsemina hér í Eyjum. Síðast en ekki síst má ég til með að rifja upp heimsóknir okkar Björns í hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir í aðdraganda forsetakosninga. Við vorum sammála um, að þessum heimsóknum loknum, að það væri greinilega gott að eldast hér í Eyjum.

Kæru Eyjamenn.

Ég þakka ykkur fyrir hlýjuna, kjarkinn og þá óbilandi trú á framtíðina sem samfélagið hér ber vott um. Í frábærri ræðu sem Heimir þjálfari Hallgrímsson flutti í búningsherbergi írska knattspyrnulandsliðsins, eftir að ljóst var að það hefði náð markmiðum sínum, sagði hann meðal annars: „Árangur felst ekki í því að vinna, árangur er ekki það sem gerist hér og nú. Árangur er stöðugt ferðalag í rétta átt.“ Ég tek heilshugar undir þau orð.

Í heimi þar sem ýmis öfl og aðstæður, þar með talið samfélagsmiðlar, ýta undir sundrunu og sundurlyndi, minnið þið Eyjamenn okkur á mikilvægi þess að hlúa að því sem getur sameinað og þétt raðirnar. Þegar hjörtu slá í takt, eins og þau gera hér í Eyjum – og þá ekki bara í Brekkusöngnum – verður hópurinn sterkari en sem nemur summu einstaklinganna. Við þær aðstæður skapast traust og dýrmætur samtakamáttur. Þetta eru þau leiðarljós sem hafa komið Eyjamönnum í gegnum eld og brennistein, storma og brotsjó og munu án efa vísa ykkur veginn áfram inn í framtíðina.

Sú hefð hefur myndast hjá forsetaembættinu við opinberar heimsóknir innanlands að færa gestgjöfunum gjöf þar sem skyggnst er aftur í tímann. Sumarið 1986 voru dönsku konungshjónin, Margrét Þórhildur og Hinrik prins, í opinberri heimsókn á Íslandi í boði forvera míns í embætti, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Vestmannaeyjar voru meðal viðkomustaða þeirra og gengu konungshjónin ásamt Vigdísi út á hraunið í jaðri Eldfells undir leiðsögn Páls Zóphóníassonar. Gunnar G. Vigfússon tók þá af þeim glaðlega ljósmynd. Um leið og ég ítreka þakkir okkar Björns til ykkar Eyjamanna fyrir gestrisnina vil ég bjóða Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra að koma hingað upp og taka á móti þessari þakkargjöf.